

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. maí 2018 í máli nr. E-3301/2017:

Jón Steinar Gunnlaugsson

(Björgvin Þorsteinsson lögmaður)

gegn

Lögmannafélagi Íslands

(Óttar Pálsson lögmaður)

Mál þetta sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð þann 23. apríl sl., er höfðað af Jóni Steinari Gunnlaugssyni, Holt svegi 31, 210 Garðabæ, með stefnu birtri 13. október 2017, á hendur stefnda, Lögmannafélagi Íslands, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að ógiltur verði með dómi úrskurður úrskurðarnefndar lögmanna, uppkveðinn þann 26. maí 2017 í málinu nr. 14/2017: Lögmannafélag Íslands gegn Jóni Steinari Gunnlaugssyni hrl.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Ágreiningsefni og málsatvik

Málavextir eru þeir að stefnanda var ásamt Konráð Jónssyni héraðsdómslögmanni falið að annast málsókn til ógildingar á rekstrar- og starfsleyfum sem Matvælastofnun og Umhverfisstofnun höfðu veitt fyrirtækinu Arnarlaxi hf. til sjókvíaeldis á laxi í Arnarfirði með leyfum dags. 15. febrúar og 6. maí 2016. Með bréfi dags. 5. desember 2016 fór stefnandi fram á það við þáverandi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur að umrætt mál fengi flýtimeðferð með vísan til 123. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Í bréfi þessu kvaðst stefnandi hafa vísað til þeirra hagsmuna er í húfi væru fyrir málsaðila og aðra í sömu sporum en með því hafi fylgt stefna í málinu til útgáfu.

Áður en stefnan var þannig send dómstjóra afréði stefnandi að hafa símasamband við hann. Í því símtali kveðst stefnandi hafa greint dómstjóranum frá því að stefnan geymdi ítarlega og nákvæma lýsingu á málavöxtum og að henni fylgdu viðamikil gögn. Kveðst stefnandi hafa spurt dómstjóran hvort hann vildi fá gögnin með beiðninni um flýtimeðferðina. Er staðhæft af hálfu stefnanda að dómstjórinn hafi þá enga þörf talið á því á þessu stigi málsins og hafi þá orðið að samkomulagi með stefnanda og dómstjóranum að stefnandi sendi honum skjalaskrána og að dómstjórinn myndi síðan láta stefnanda vita ef hann teldi sig

þurfa að sjá einhver þeirra skjala sem talin hafi verið upp í skjalaskránni og myndi þá stefnandi senda honum þau skjöl.

Til samræmis við framangreint ætlað samkomulag hafi stefnandi getið þess í niðurlagi bréfs síns, dags. 5. desember 2016, að málgögn sem fram yrðu lögð við þingfestingu málsins væru mikil vöxtum og hann léti fylgja skrá yfir þau. Hafi hann tekið fram að ef dómstjóri óskaði eftir að kynna sér einhver þeirra áður en hann tæki afstöðu til beiðninnar myndi stefnandi framvísa skjölum. Eftir að stefnandi sendi framangreinda beiðni inn og áður en tekin var afstaða til hennar áttu dómstjórinn og stefnandi samtál símleiðis þar sem staðhæft er af hálfu stefnanda að dómstjórinn hafi tekið fram að hann hefði mótttekið beiðnina og að vel hefði verið gengið frá öllu af hálfu stefnanda, en það eina sem væri þó til athugunar snerti blaðsíðu 19 í beiðninni.

Fyrir liggur í málinu að dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur hafnaði síðan framangreindri beiðni stefnanda með bréfi dags. 7. desember 2016. Byggðist synjunin á því að nauðsynleg gögn hefðu ekki fylgt með erindi stefnanda. Lítur stefnandi svo á að með þessari afgreiðslu málsins hafi dómstjórinn brotið gegn því framangreinda ætlaða samkomulagi sem stefnandi telur að hann og dómstjórinn hafi áður komist að.

Eftir að svar dómstjórans um synjun barst stefnanda sendi stefnandi sama dags dómstjóranum tölvuskeyti þar sem hann lýsti þeirri skoðun á bréfi dómstjórans að það væri „furðulegt og reyndar eins og högg undir beltisstað“. Vísaði stefnandi þar til samskipta vegna gagna málsins. Í niðurlagi skeytisins kvaðst stefnandi ekki muna eftir „slíkri framgöngu embættismanns eða dómara á starfsæfi sinni sem spannaði hálfu öld.“ Bætti stefnandi síðan að endingu við orðunum „vonandi sefur þú vel næstu nótt“.

Dómstjórinn sendi síðan stefnanda tölvuskeyti þann 7. desember 2016. Í því skeyti kvaðst hann þurfa að leiðrétta stefnanda. Sagðist dómstjórinn hafa sagt í samtali þeirra að ekki væri nauðsynlegt að senda inn öll gögnin en að hann hefði nefnt sem dæmi að ef óskað væri flýtimeðferðar vegna ákvörðunar stjórnvalds þá þyrfti að sjálfsögðu að fá ákvörðunina. Kvaðst dómstjórinn að öðru leyti ekki hirða um ávirðingar stefnanda, en kvaðst þykja það leitt ef stefnandi hefði gleymt samtali þeirra.

Stefnandi sendi dómstjóranum þá enn tölvuskeyti dags. 11. desember 2016. Þar kvaðst stefnandi finna hjá sér þörf fyrir að ljúka þessum óskemmtilegu samskiptum við dómstjóran, mann sem hann hefði „jafnan talið að væri þokkalega heiðarlegur maður með sæmilegt jarðsamband.“ Stefnandi tók þar fram að hann myndi samskipti sín við dómstjóran á annan veg en jafnvel þótt dómstjórinn hefði rétt fyrir sér mætti honum vera ljóst að eitthvað hefði farið milli mála þegar gögnin

sem dómstjórinn nefndi fylgdu ekki bréfinu. Stefnandi tók þá fram að í ljósi samskiptanna hefðu allir venjulegir menn þá tekið upp símann og gert viðvart um þetta en bætti síðan við: „ En ekki þú hinn mikli dómstjóri! Svo sendir þú mér í þokkabót svar sem er fullt af hroka og yfirlæti. Ef satt skal segja þá kenni ég í brjósti um þig. Menn sem koma svona fram eru að mínum dómi varla í góðu jafnvægi. Ég mun núna eftir helgina senda að nýju óskina um flýtimeðferð, þó ekki væri til annars en að skemmta þér í yfirlæti þínu.“

Stefnandi sendi nýja beiðni um flýtimeðferð til Héraðsdóms Reykjavíkur þann 14. desember 2016. Þann 19. desember 2016 var þeirri beiðni um flýtimeðferð hafnað á þeim grunni að hvorki væri séð að brún þörf væri á skjótri úrlausn málsins né að sú úrlausn hefði slíka þýðingu fyrir hagsmuni stefnanda að rétt væri að verða við beiðni.

Í framhaldinu, 23. desember 2016, sendi stefnandi tölvuskeyti til dómstjórans þar sem hann sagði meðal annars að dómstjórinn ætti að láta af hroka og yfirlæti sem svo mjög hefði einkennt afgreiðslu hans í málinu. Sagði svo að það færi miklu betur á því að sleppa slíku þó að menn kynnu að líta stórt á sig. Þeim liði að jafnaði betur þannig.

Þann 4. janúar 2017 sendi dómstjórinn bréf til Reimars Péturssonar, formanns Lögmannafélags Íslands. Í bréfinu lýsir dómstjórinn því að hafa átt í „óskemmtilegum samskiptum“ við stefnanda sem sé félagi í Lögmannafélaginu. Dómstjórinn benti þar á að háttsemi stefnanda í samskiptum þeirra tveggja hlyti að fara á svig við 19. gr. siðareglna lögmannna, „hvað þá almenna kurteisi og samskiptavenjur, og geti vart talist stétt lögmannna til framdráttar“. Tók dómstjórinn fram að þar sem honum væri ekki kunnugt um hvernig dómari eða dómstjóri ætti að fara með erindi sem þetta leitaði hann til formanns félagsins. Þá tók dómstjórinn fram að hann léti sig ekki varða hvernig eða hvort félagið kysi að aðhafast, en að hann óskaði þess aðeins að hvorki hann né aðrir í hans stöðu þyrftu „eftirleiðis að sitja undir skætingi sem þessum“.

Þann 24. janúar 2017 sendi Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands, bréf fyrir hönd stjórnar þess til stefnanda. Í bréfinu kom fram að erindi dómstjórans hefði verið lagt fyrir stjórnarfund í félaginu, þar sem samþykkt hefði verið að óska eftir afstöðu stefnanda til erindis dómstjórans. Þá var óskað eftir skýringum á þeim samskiptum sem um ræðir, sérstaklega með tilliti til ákvæða 2., 19. og 22. gr. siðareglna lögmannna. Stefnandi sendi stjórn stefnda svarbréf ásamt með fylgiskjölum dags. 31. janúar 2017. Með bréfi dags. 8. mars 2017 kvartaði svo framkvæmdastjórinn fyrir hönd stjórnar Lögmannafélags Íslands til úrskurðarnefndar lögmannna. Í bréfinu var gerð sú krafa að nefndin úrskurðaði hvort háttsemi stefnanda í garð dómstjórans í Reykjavík samrýmdist siðareglum

lögmannanna og ákvarðaði honum viðurlög til samræmis við tilefnið teldist svo ekki vera. Kvörtunin var stimpluð um móttöku með móttökustimpli Lögmannafélags Íslands sama dag, 8. mars 2017, og málinu gefið númerið 14/2017 hjá úrskurðarnefnd lögmannanna. Kvörtun stjórnar stefnda var síðan send til stefnanda í bréfi frá úrskurðarnefnd lögmannanna, dags. 14. mars 2017. Í bréfinu var óskað eftir greinargerð stefnanda um erindið og sendi hann greinargerð ásamt með fylgiskjöllum til úrskurðarnefndar lögmannanna þann 23. mars 2017.

Föstudaginn 26. maí 2017 var síðan kveðinn upp úrskurður í málinu nr. 14/2017: Lögmannafélag Íslands gegn Jóni Steinari Gunnlaugssyni. Úrskurðarorðið er svohljóðandi: „Kærði, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., sætir áminningu.“ Stefnandi er ósammála niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar og afréð því að skjóta málinu til héraðs- dóms til að fá úrskurðinum hnekk með dómi, sbr. 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/1998.

Geta ber þess að stefndi, Lögmannafélag Íslands, vísar um málavexti til kvörtunar sinnar til úrskurðarnefndar lögmannanna, dags. 8. mars 2017, og til I. kafla úrskurðar úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 14/2017. Sé málavaxtalýsingu af hálfu stefnanda í stefnu mótmælt að því leyti sem hún feli í sér fullyrðingar um efni símtala á milli stefnanda og þáverandi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, sem ekki fari saman við lýsingu dómstjórans sjálfs, sbr. tölvuskeyti hans til stefnanda, dags. 7. desember 2016. Sé því sérstaklega mótmælt sem ósönnuðu að á milli stefnanda og dómstjórans hafi komist á einhvers konar samkomulag um tiltekna meðferð þess erindis sem stefnandi sendi dómstjóranum, dags. 5. desember 2016, samkvæmt 123. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, og að með afgreiðslu dómstjórans, dags. 7. desember 2016, hafi dómstjórinn brotið gegn samkomulagi sem hann og stefnandi hefðu gert með sér.

Málsástæður og lagarök af hálfu stefnanda

Stefnandi byggir mál þetta á því að stefndi, Lögmannafélag Íslands (LMFÍ), geti ekki átt aðild að máli sem þessu hjá úrskurðarnefnd lögmannanna, meðal annars vegna skorts á lögvörðum hagsmunum og vegna þess að lagareglur um nefndina leyfi ekki slíka aðild. Þá byggir stefnandi á því að úrskurðarnefnd LMFÍ sé vanhæf til þess að úrskurða í málum þar sem stefndi sé annar málsaðila. Þá byggir stefnandi á því að með úrskurðinum og þeim reglum sem hann sé byggður á sé í raun verið að skerða tjáningarfrelsi stefnanda og grafa undan getu hans til þess að sinna starfi sínu sem lögmaður. Loks byggir stefnandi á því að hann hafi ekki gerst brotlegur við neitt ákvæði í siðareglum lögmannanna eða lögum og reglum sem gildi um störf lögmannanna.

Stefnandi byggir á því að stefndi geti ekki átt aðild að máli fyrir úrskurðarnefnd lögmanna er varði samskipti lögmanna og dómara. Í það minnsta geti slík aðild ekki átt við í þessu máli. Grundvallarheimildin til að leggja mál fyrir úrskurðarnefnd lögmanna sé í 1. mgr. 27. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998. Þar sé gert að skilyrði fyrir því að leggja mál fyrir nefndina að málshefjandi telji að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða siðareglum lögmanna. Stefnandi hafi ekki gert neitt á hlut stjórnar stefnda eða stefnda. Það breyti engu að dómstjórinn hafi lagt það í hendur stjórnar stefnda að ákveða hvernig brugðist yrði við erindi dómstjórans. Dómstjórinn sé sá eini er geti haldið því fram að stefnandi hafi gert á sinn hlut. Hvergi sé í lögum að finna heimild til að framselja réttinn til að leggja mál fyrir úrskurðarnefndina til annarra, en stjórn stefnda hafi sótt málið í eigin nafni.

Samkvæmt reglum um meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd lögmanna, sem nefndin setji sér sjálf samkvæmt 2. mgr. 13. gr. samþykktu fyrir LMFÍ, sbr. 2. málslið 1. mgr. 4. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998, sé hlutverk nefndarinnar meðal annars að fjalla um erindi sem stjórn stefnda sendi nefndinni samkvæmt 3. mgr. 43. gr. siðareglu lögmanna. Í 3. mgr. 43. gr. siðareglunnanna segi að úrskurðarnefnd lögmanna skeri úr ágreiningi um skilning á reglunum. Stefnandi fái ekki séð að á grundvelli framangreinds sé stefnda veitt sjálfstæð heimild til að leggja kærur gegn tilgreindum lögmanni fyrir úrskurðarnefnd lögmanna. Því hljóti almenna heimildin að gilda, það er að sá geti kvartað til nefndarinnar sem telji lögmann hafa gert á hlut sinn, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 77/1998. Stefnandi telji stefnda ekki hafa sýnt fram á það með neinum hætti að stefnandi hafi gert á sinn hlut.

Stjórn stefnda hafi sjálf talið að lög um lögmenn nr. 77/1998 geri ekki ráð fyrir því að stjórn félagsins geti beint málum til úrskurðarnefndar lögmanna. Samkvæmt bréfi dags. 16. júlí 2015 hafi stefndi unnið drög að breytingum á lögum um lögmenn nr. 77/1998. Í drögunum hafi verið lögð til sú breyting á 27. gr. laganna að stjórn félagsins hefði heimild til þess að leggja fyrir úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun, teldi hún að lögmaður hefði með háttsemi sinni brotið gegn lögum eða reglum samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laganna sem kastað gæti rýrð á störf og ímynd lögmanna. Þetta gefi skýrlega til kynna að almennt hafi verið litið svo á að stefndi gæti ekki átt aðild að málum fyrir úrskurðarnefnd lögmanna nema til kæmi breyting á lögum um lögmenn.

Jafnvel þótt stefnda yrði játuð viss heimild til að bera mál undir úrskurðarnefnd lögmanna verði hún ekki skýrð svo rúmt að stjórn stefnda geti ákveðið að stefndi hafi frumkvæði að því að höfða mál fyrir úrskurðarnefndinni af hvaða tilefni sem er. Úrskurðarnefndin virðist sjálf fallast á þetta í úrskurði í þessu máli sem og í tveimur öðrum málum sem stjórn stefnda hafi tekið ákvörðun um að

höfða fyrir nefndinni. Í forsendum nefndarinnar fyrir niðurstöðu í málunum þremur sé efnislega samhljóða umfjöllun um það að játa verði stjórn stefnda formlegan rétt til þess að bera fram kvörtun þegar hún telji að lögmaður hafi brotið gegn lögum eða siðareglum og að brotið hafi beinst gegn hagsmunum lögmanna almennt eða gegn stefnda. Síðan segi að stefndi geti ekki knúið fram umfjöllun vegna kvartana sem beinist að því að lögmaður hafi í störfum sínum brotið gegn ákveðnum aðila, sem fari þá með forræði á sakarefni, þar á meðal á ákvörðun um það hvort þeir beini kæru til úrskurðarnefndar eða ekki.

Í þessu máli hafi ekkert komið í veg fyrir það að dómstjórinn kærði stefnanda til úrskurðarnefndarinnar teldi hann stefnanda hafa gert á sinn hlut. Þetta hafi hann ekki gert heldur tilkynnt formanni stefnda um samskipti sín við stefnanda og sagt ekki láta það sig varða hvernig eða hvort félagið kysi að aðhafast eitthvað vegna málsins. Byggi stefnandi á því að dómstjórinn hafi ekki og geti ekki framselt málshöfðunarrétt sinn með bréfinu og að enginn annar en hann og stefnandi geti hafa haft lögvarða hagsmuni af úrlausn máls um einkasamskipti þeirra á milli. Þá byggi stefnandi á því að meint brot hans gegn dómstjóranum geti ekki varðað hagsmuni lögmannaastéttarinnar eða lögmanna almennt, enda sé að mati stefnanda enginn dómari sem líti svo á að lögmaður sem eigi í samskiptum við dómara komi fram sem fulltrúi allrar stéttarinnar.

Þá byggi stefnandi á því að úrskurðarnefnd lögmanna hafi verið vanhæf til að úrskurða í málinu vegna þess að nefndin sé rekin á kostnað stefnda og stefndi eigi verulegan þátt í því að skipa nefndarmenn. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1998 fari um meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd lögmanna eftir stjórnarsýslulögum nema annað leiði af ákvæðum V. kafla. Í II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 séu reglur um sérstakt hæfi. Þar komi fram að nefndarmaður sé vanhæfur til meðferðar máls eigi hann sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta eða ef fyrir hendi séu þær aðstæður er fallnar séu til þess að draga óhlutdrægni nefndarmannsins í efa með réttu.

Stefnandi byggi á því að nefndarmenn úrskurðarnefndarinnar eigi fjárhagslegra hagsmuna að gæta í málum sem stjórn stefnda ákveði að beina til hennar. Þá sé málshefjandi stjórn félagsins er ákveði og greiði nefndarmönnum laun sem séu ekki óveruleg. Þá sjái stefndi um að skipa einn af þremur nefndarmönnum samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 77/1998. Verði og að benda á, að ef úrskurðarnefnd lögmanna, sem hafi á að skipa þremur lögmönnum, hafi til umfjöllunar mál um það hvort lögmaður hafi í störfum sínum gert á hlut stéttar lögmanna í heild sinni þá séu nefndarmenn þegar af þeim sökum vanhæfir enda hefðu þeir þá beina hagsmuni af úrslitum máls.

Varðandi gagnrýni lögmanna á störf dómara og neikvætt félagafrelsi vísist til þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi í fjölda mála komist að þeirri niðurstöðu að lögmönnum skuli játuð rúm heimild til gagnrýni á störf dómara og annarra opinberra starfsmanna. Sú heimild taki bæði til opinberrar umfjöllunar um störf opinberra starfsmanna og til gagnrýni á störf þeirra sem fari með opinbert vald sem ekki sé borin út opinberlega heldur aðeins send afmörkuðum hópi. Sömu sjónarmið hljóti að eiga við um gagnrýni lögmanns á dómara þegar gagnrýninni sé beint til dómars sjálfs.

Stefnandi hefði getað skrifað grein um afgreiðslu dómstjórans á erindinu og haft þar uppi harðorða gagnrýni á afgreiðslu hans og birt í fjölmiðlum. Stefnandi hafi þó þess í stað ákveðið að gera það sem minna væri, að beina gagnrýni að dómstjóranum í persónulegu tölvuskeyti sem enginn hafi séð nema hann, í stað þess að birta gagnrýni í fjölmiðlum. Það fái ekki staðist að stefnandi sé í verri stöðu vegna þess að hann hafi kosið að beina gagnrýni að dómstjóranum einum en ekki birt hana opinberlega.

Stefnandi telji sig ekki hafa gengið of hart fram í gagnrýni sinni á meðferð dómstjórans á erindi umbjóðanda stefnanda. Dómarar verði að mati stefnanda að þola það að spjótum sé beint að þeim í þeim tilfellum sem lögmenn telji afgreiðslu þeirra á erindum í ósamræmi við lög eða samkomulag sem dómari og lögmaður hafi komist að. Það gangi að mati stefnanda ekki upp að stjórn stefnda taki þá ákvörðun að taka upp hanskan fyrir dómara sem móðgist eða telji að sér vegið í tilfelli sem þessu.

Það samrýmist ekki hlutverki stefnda eða úrskurðarnefndar á vegum þess félags að takmarka frelsi lögmanna til tjáningar og til að gagnrýna störf dómara líkt og hér. Það sé eitt af grundvallarhlutverkum lögmanns í hagsmunagæslu fyrir umbjóðendur að geta tjáð sig greiðlega við aðra lögmenn, dómstóla og stjórnvöld eftir eigin samvisku og án inngríps stefnda eða úrskurðarnefndar lögmanna. Lögmaður eigi ekki að þurfa að óttast áminningu frá henni vegna starfa í þágu umbjóðanda síns þar sem hann gagnrýni dómara fyrir ósanngjarna og óeðlilega meðferð á máli umbjóðandans.

Stefndi sé félag sem lögmönnum sé skylt að eiga aðild að. Félagið feli því í sér lögbundna takmörkun á neikvæðu félagafrelsi, það er frelsinu til að standa utan félaga og verða ekki þvingaður til aðildar að þeim, sbr. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Sem slíkt verði LMFÍ að gæta þess að ganga ekki lengra í störfum sínum en nauðsynlegt sé til þess að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Meginhlutverk félagsins sé samkvæmt 5. gr. laga nr. 77/1998 þríþætt: Félagið komi í fyrsta lagi fram fyrir hönd lögmanna gagnvart stjórnvöldum og dómstólum um þau málefni sem stéttina varði. Í öðru lagi setji félagið siðareglur fyrir lögmenn. Í

Þriðja lagi skuli félagið stuðla að því að sérhver sem þarfnist aðstoðar lögmanns fái notið hennar. Í 1. mgr. 13. gr. laganna komi síðan fram eftirlitshlutverk er stefnda sé falið en það beinist aðeins að því að gæta þess að lögmennt uppfylli skilyrði laganna fyrir lögmannsréttindum. Með því að hafa frumkvæði að málum fyrir úrskurðarnefndinni sé stefndi að fara út fyrir skyldubundið hlutverk sitt og sé farið að sinna eftirlits- og ritskoðunarhlutverki sem fái ekki samrýmst því hlutverki sem samtök lögmannna eigi að sinna.

Hvað varði Siðareglur lögmannna (*Codex Ethicus*) þá sé í málatilbúnaði stefnda fyrir úrskurðarnefnd lögmannna byggt á því að stefnandi hafi gerst sekur um brot gegn 2., 19. og 22. gr. siðareglanna. Í 2. gr. þeirra sé kveðið á um það að lögmaður skuli gæta að heiðri lögmannastéttarinnar jafnt í lögmannsstörfum sem öðrum athöfnum. Í 19. gr. komi fram að lögmaður skuli sýna dómstólum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu en skuli eftir sem áður gæta hagsmuna skjólstaðings síns fyrir dómi af fullri einurð og heiðarleika og án tillits til eigin hagsmuna eða hagsmuna annarra. Í 22. gr. komi svo fram að lögmaður skuli kappkosta að vanda málatilbúnað sinn fyrir dómstólum og stuðla á annan hátt að greiðri og góðri málsmeðferð af sinni hálfu.

Stefnandi byggi á því að hann hafi ekki með neinum hætti brotið gegn þessum ákvæðum siðareglna lögmannna. Þvert á móti hafi hann sinnt því lykilhlutverki lögmanns sem komi fram í 1. gr. sömu siðareglna að efla rétt og hrinda órétti. Hann hafi lagt til þessa máls það sem hann vissi sannast eftir sinni samvisku. Í samtali við dómara hafi orðið samkomulag um að haga umsókn um flýtimeðferð með þeim hætti að stefna og skjálaskrá yrðu send dómara, en dómari myndi láta vita ef hann teldi þörf á að fá gögn, og þá hvaða gögnum hann teldi þörf á. Jafnvel þótt það teldist ósannað að samtal stefnanda og dómars hefði verið með þessum hætti þá hafi það ekki getað dulist dómaranum að stefnandi teldi svo vera þegar bréf um ósk um flýtimeðferð hafi verið sent dómstjóra þann 5. desember 2016. Í niðurlagi bréfsins segi: „Með stefnunni fylgir listi yfir þau skjöl sem til stendur að leggja fram við þingfestingu málsins. Þau eru mikil að vöxtum. Ef þér óskið eftir að fá einhver þeirra til athugunar, áður en afstaða verður tekin til beiðninnar um útgáfu stefnunnar, verða þau send yður.“

Þegar dómstjórinn hafi brugðist við erindi stefnanda með því að hafna beiðninni á þeim grundvelli að gögn með beiðninni hafi ekki verið fullnægjandi hafi stefnandi auðvitað orðið ósáttur í ljósi þess sem hafi farið fram þeirra á milli í símtali og í ljósi niðurlags bréfs stefnanda til dómstjórans. Stefnandi telji viðbrögð sín sem hann hafi sent með tölvuskeyti 7. desember 2016, ekki hafa verið úr hófi fram, en með þeim hafi stefnandi verið að bregðast við því þegar umbjóðandi hans hafi verið beittur órétti.

Stefnandi geti með engu móti áttað sig á því hvernig einkasamskipti hans við dómstjórnann eigi að geta vegið að heiðri lögmannastéttarinnar í andstöðu við 2. gr. siðareglna lögmannna. Dómstjóra hafi verið fullkomlega ljóst að stefnandi kæmi fram fyrir hönd umbjóðanda síns en ekki sem sérstakur sendiboði stéttar lögmannna. Ekkert hafi verið að finna í samskiptum stefnanda við dómstjórnann sem hafi verið með þeim hætti að stefnandi hafi gert á hlut annarra lögmannna. Engin ástæða hafi verið til þess að gera samskipti stefnanda og dómarans opinber. Jafnvel þótt talið yrði að háttsemi stefnanda hafi með einhverjum hætti ekki verið eðlileg í samskiptum lögmanns við dómara þá leiði sú niðurstaða ekki til þess að stefnandi verði sakaður um að hafa vegið að starfsheiðri lögmannastéttarinnar, heldur hafi hann þá hugsanlega vegið að eigin starfsheiðri. Það sé ekkert sem banni einstaklingi að veга að eigin starfsheiðri. Stefnandi hafi sýnt dómstjórnunum alla þá virðingu í ræðu og riti sem málið hafi gefið tilefni til. Honum hafi þó borið að bregðast við höfnun dómstjórnans á erindi umbjóðanda síns með því að gæta réttmætra hagsmuna umbjóðandans. Dómstjórinn hafi að mati stefnanda gengið á bak orða sinna og við því hafi stefnandi brugðist.

Loks mótmæli stefnandi því að hann hafi brotið gegn 22. gr. siðareglna lögmannna. Stefnandi hafi kappkostað að vanda málatilbúnað sinn þegar hann hafi haft samband símleiðis við dómarann til að ganga úr skugga um hvernig hann vildi að framsetningu erindisins væri háttáð. Stefnandi hafi ítrekað í bréfi sínu til dómstjórnans að stefnandi myndi leggja fram þau gögn sem dómstjórinn teldi þörf á að leggja fram að beiðni hans. Þetta hafi allt verið gert í því skyni að greiða fyrir hraðri afgreiðslu málsins enda ljóst að þau umfangsmiklu gögn sem til hafi staðið að leggja fram við þingfestingu málsins hafi ekki öll skipt máli við afgreiðslu á beiðni um flýtimeðferð. Stefnandi hafi því ekki brotið gegn 22. gr. siðareglna lögmannna heldur þvert á móti kappkostað að vanda málatilbúnað og tryggja greiða málsmeðferð. Sé ekki stefnanda um að kenna að dómstjórinn hafi kosið að bregðast við erindinu með þeim hætti sem raun bar vitni.

Að öllu framangreindu virtu verði ekki hjá því komist að fallast á kröfu stefnanda um að úrskurður úrskurðarnefndar lögmannna í málinu nr. 14/2017 verði felldur úr gildi og stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað. Málshöfðunin eigi stoð í 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt þar sem kveðið sé á um heimild aðila máls fyrir úrskurðarnefndinni til þess að leita ógildingar úrskurðar nefndarinnar fyrir dómi. Stefnandi byggi á meginreglum stjórnsýsluréttar og einkamálaréttarfars en vísi að öðru leyti til framangreindrar umfjöllunar um einstök lagaákvæði sem byggt sé á.

Málsástæður og lagarök af hálfu stefnda

Stefndi byggi á því að hann hafi haft lögvarða hagsmuni og átt aðild að málinu fyrir úrskurðarnefnd lögmanna og að nefndarmenn í úrskurðarnefndinni hafi verið hæfir til þess að úrskurða í málinu. Einnig sé byggt á því að úrskurður úrskurðarnefndarinnar sé efnislega réttur og ekki haldinn ágöllum sem valda beri ógildi hans.

Almennt sé viðurkennt að félög lögmanna njóti sjálfstæðis. Hafi mikilvægi þess verið áréttað í ályktun ráðherraráðs Evrópuráðsins sem lagt hafi áherslu á að starfandi séu slík sjálfstæð félög er séu í störfum sínum óháð yfirvöldum og almenningi. Félögin eigi að setja lögmönnum siðareglur, gæta stéttarhagsmuna þeirra og bera ábyrgð á og eiga rétt til þátttöku í agamálum lögmanna. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn (lögmannaölög) skuli lögmenn hafa með sér félag er nefnist Lögmannafélag Íslands (LMFÍ). Stefndi sé það félag. Sé öllum lögmönnum skylt að vera félagsmenn í stefnda. Stefndi skuli ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega sé mælt fyrir um í lögum, sbr. þó 5. mgr. 3. gr. lögmannaalaga.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. lögmannaalaga setji stefndi sér samþykktir. Samþykktir fyrir LMFÍ hafi fyrst verið settar í desember 1944 en hafi síðan tekið breytingum. Í 2. gr. gildandi samþykktar stefnda sé tilgangur félagsins meðal annars skilgreindur sem svo að það sé að sinna lögboðnu eftirlits- og agavaldi, að gæta hagsmuna lögmanna stéttarinnar, stuðla að samheldni og góðri samvinnu félagsmanna, að standa vörð um sjálfstæði lögmanna stéttarinnar og stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggi. Samkvæmt 11. gr. samþykktanna sé stjórn stefnda meðal annars falið það hlutverk að koma fram fyrir hönd lögmanna stéttarinnar, að leysa úr ágreiningsmálum á milli félagsmanna innbyrðis, að gæta þess að fylgt sé góðum lögmannaáttum og vinna að hagsmunamálum félagsmanna.

Samkvæmt 5. gr. lögmannaalaga komi stefndi fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varði. Stefndi skuli jafnframt setja siðareglur (*Codex Ethicus*) fyrir lögmenn. Slíkar reglur hafi fyrst verið samþykktar í júní 1960 en þær hafi síðan tekið breytingum. Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. gildandi siðareglna lögmanna skuli stjórn stefnda hafa eftirlit með því að reglunum sé fylgt, í samráði við dómstóla og stjórnardeildir.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. lögmannaalaga skuli, í tengslum við stefnda, starfa sjálfstæð úrskurðarnefnd lögmanna sem leysi úr málum eftir ákvæðum laganna. Úrskurðarnefnd lögmanna hafi það grundvallarhlutverk að fjalla um kvartanir á hendur lögmanni vegna háttsemi sem kunni að stríða gegn lögum eða siðareglum lögmanna. Þetta sé orðað svo í 1. mgr. 27. gr. lögmannaalaga að telji „einhver að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða

reglum skv. 2. mgr. 5. gr.“ geti hann lagt fyrir úrskurðarnefndina kvörtun á hendur lögmanninum. Þá sé sérstaklega tilgreint í 3. mgr. 43. gr. siðareglna lögmannna að úrskurðarnefndin skeri úr ágreiningi um skilning á reglunum.

Þessu til samræmis og á grundvelli 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1998 hafi úrskurðarnefndin sett sér málsmeðferðarreglur. Fram komi í 2. og 3. tl. 3. gr. þeirra að hlutverk nefndarinnar sé „að fjalla um kvörtun á hendur lögmanni frá aðila vegna háttsemi, sem kann að stríða gegn lögum eða siðareglum LMFÍ“ og „að fjalla um erindi sem stjórn LMFÍ sendir nefndinni skv. 3. mgr. 43. gr. siðareglna lögmannna“. Þessi skilgreining á hlutverki úrskurðarnefndarinnar sé að mati stefnda í fullu samræmi við lögmannalög og þær siðareglur sem lögmennt skuli starfi eftir. Í þeim lögum og reglum sem gildi um úrskurðarnefndina sé þannig síður en svo ráðgert að kvartanir frá stjórn stefnda séu undanskildar valdsviði nefndarinnar. Þá sé vandséð hvernig félagið eigi að geta sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu, geti það ekki leitað úrlausnar nefndarinnar um meint brot lögmannna á lögmannalögum og siðareglum.

Samkvæmt framangreindu sé aðild að kvörtun til úrskurðarnefndar lögmannna skilgreind vítt og bundin við „einhvern“ sem telji að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða siðareglum. Hver sá sem sýnt geti fram á lögvarða hagsmuni geti því lagt mál fyrir nefndina. Skipti í því sambandi ekki máli hvort um sé að ræða félag eða einstakling eða hvernig hafi verið gert á hlut viðkomandi. Þá verði varla um það deilt að það falli undir tilgang stefnda að hafa eftirlit með störfum lögmannna, gæta hagsmuna lögmannastéttarinnar og að standa vörð um sjálfstæði stéttarinnar, sbr. 2. gr. samþykkta félagsins.

Stefndi byggji á því að þau brot gegn siðareglum lögmannna sem kvartað hafi verið undan, sem og það brot er úrskurðarnefndin hafi komist að niðurstöðu um að stefnandi hafi gerst sekur um, varði hagsmuni lögmannastéttarinnar í heild sinni, en ekki aðeins hagsmuni þess sem beinlínis sé misgert við. Hagsmunir lögmannastéttarinnar af því að virðing sé borin fyrir stétt lögmannna séu mikilvægir enda gegni þeir veigamiklu hlutverki í réttarríki sem ella væri stefnt í hættu. Tilhlýðileg samskipti lögmannna við dómstóla vegi þar þungt og endurspeglit áherslan meðal annars í því að um samskipti lögmannna og dómstóla sé fjallað í heilum kafla í siðareglum lögmannna. Ákvæði 2. og 19. gr. siðareglanna, sem stefndi telji að stefnandi hafi meðal annars brotið gegn, séu sett til verndar þessum hagsmunum. Brot gegn ákvæðum siðareglanna sem sett séu til verndar virðingu fyrir lögmannastéttinni brjóti því ekki aðeins gegn þeim sem beinlínis sé misgert við heldur einnig gegn lögmonnum almennt. Úrskurður sá sem stefnandi krefjist ógildingar á varði háttsemi sem stefndi telji í andstöðu við þá hagsmuni sem

félaginu beri að gæta og vinna að, sbr. til hliðsjónar einnig 1. mgr. 5. gr. lögmannalaga. Stefndi hafi því beina og nægilega sérgreinda hagsmuni af kvörtun þeirri sem lögð hafi verið fram við úrskurðarnefnd lögmannna.

Samkvæmt öllu framangreindu hafi stefndi því haft lögvarða hagsmuni og átt aðild að málinu fyrir úrskurðarnefnd lögmannna, sbr. einnig sjónarmið úrskurðar nefndarinnar um þetta atriði sem fram komi í I. hluta niðurstöðukafla úrskurðarins og sjónarmið stefnda sem fram komi í bréfi hans til nefndarinnar, dags. 4. maí 2017.

Hvað varði hæfi nefndarmanna úrskurðarnefndarinnar þá mótmæli stefndi því að nefndarmenn í úrskurðarnefnd lögmannna hafi verið vanhæfir til meðferðar málsins af þeirri ástæðu að stjórn stefnda ákveði og greiði nefndarmönnum laun fyrir nefndarstörfin. Störf og skipan nefndar þessarar séu lögbundin og sé hún sjálfstæð stjórnsýslunefnd. Stefndi skipi minnihluta nefndarmanna og greiði nefndinni, lögum samkvæmt, laun fyrir starfann. Brúttólaun fyrir setu í nefndinni séu í dag 90.000 krónur á mánuði eða þá 54.484 krónur þegar tekið hafi verið tillit til skatta, lífeyrissjóðsgreiðslna, o.s.frv. Mánaðarlaun nefndarmanna hafi ekki verið hækkuð frá 1. desember 2013, en þá hafi þau verið hækkuð samhliða ákvörðun um hækkun á tímagjaldi starfsmanns nefndarinnar. Laun fyrir setu í nefndinni séu töluvert lægri en þau laun sem þeir lögmennt sem í nefndinni sitja myndu innheimta við hefðbundinn málarekstur í ljósi þeirrar vinnu sem nefndarmenn inni af hendi við lestur mála, fundasetu, vinnu að niðurstöðu í málum, o.s.frv. Nefndarmenn standi heldur ekki í sérstakri þakkarskuld við stefnda fyrir greiðslur til sín vegna starfanna enda séu greiðslurnar fjármagnaðar á lögákveðinn hátt, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga um lögmennt, með framlögum meðlima félagsins, þar á meðal með framlögum frá stefnanda.

Megi og benda á að yrði fallist á rök stefnanda að þessu leyti myndi engin skipan nefndarinnar samkvæmt lögum um lögmennt uppfylla hæfisiskilyrði, enda yrði einn *ad hoc* nefndarmanna einnig skipaður af stefnda og laun *ad hoc* nefndarmanna einnig greidd af stefnda. Líkt og tíðrætt sé um í skrifum fræðimanna sé ótækt að skýra hæfisreglur svo að enginn sé hæfur til að úrskurða í máli. Þannig hafi aðild ríkisins að málum á stjórnsýslustigi, t.d. fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og kæruneftnd jafnréttismála, ekki verið talin valda vanhæfi nefndarmanna sem ríkið skipi og greiði laun. Þá hafi dómara sem skipaðir séu og fá greidd laun frá ríkinu ekki verið taldir vanhæfir til þess að dæma í dómsmálum þar sem íslenska ríkið sé aðili.

Að auki mótmæli stefndi því að nefndarmenn í úrskurðarneftnd lögmannna hafi verið vanhæfir til meðferðar málsins sökum þess að ætluð brot stefnanda hafi beinst gegn lögmannastéttinni allri sem nefndarmenn tilheyri. Enda þótt nefndum

ákvæðum siðareglanna sé ætlað að gæta að heiðri stéttarinnar og að hagsmunir hennar séu þannig tryggðir með ákvæðunum verði ekki talið að einstaka lögmenn hafi svo beina hagsmuni af málum er varði slík brot að þeir teljist vanhæfir af þeirri ástæðu. Fordast beri að túlka reglur um vanhæfi með svo rúmt að enginn geti talist hæfur, svo sem niðurstaðan yrði ef hæfisreglur yrðu túlkaðar svo að enginn lögmaður væri hæfur til að úrskurða í máli fyrir úrskurðarnefndinni sem varðaði heiður lögmennastéttarinnar.

Hvað varði ummæli stefnanda og efnislega niðurstöðu úrskurðarins þá telji stefndi einsýnt að stefnandi hafi með ummælum sínum gerst sekur um brot gegn 19. gr. siðareglna lögmanna og vísist um það til forsendna úrskurðarnefndar lögmanna. Verði ummæli stefnanda ekki réttlætt með því að hann hafi með þeim gætt hagsmuna umbjóðanda síns enda hafi honum verið sá starfi fær án þess að veita að starfsheiðri dómarsins og sýna honum vanvirðingu. Til þess sé að líta við mat á ummælum stefnanda að þau hafi ekki verið látin falla í hita leiksins heldur skriflega á nokkurra daga tímabili. Sé því enn síður tilefni til þess að gefa stefnanda afslátt af þeirri kröfu sem siðareglur lögmanna geri um tillitssemi og virðingu með vísan til þess að í orðunum hafi falist viðbrögð við því sem stefnandi hafi upplifað sem óréttlæti, enda hafi hann haft nægan tíma til að láta sér renna reiðina og ígrunda orð þau sem hann hafi látið falla við dómstjórnann. Orð hans hafi, líkt og úrskurðarnefndin hafi komist að niðurstöðu um, verið fjarri því sem viðeigandi sé í samskiptum lögmanna við dómara.

Þá sé því hafnað að ummæli stefnanda um og við dómstjórnann séu hans einkamál og komi stétt lögmanna ekki við. Stefndi byggir á því að hann hafi ekki komið fram sem sendiboði stéttar lögmanna gagnvart dómstjórnunum heldur fyrir hönd umbjóðanda síns. Væru siðareglur lögmanna eða ákvæði þeirra um að halda uppi heiðri lögmennastéttarinnar túlkaðar svo að þær tækju aðeins til þess þegar lögmenn kæmu fram sem sendiboðar stéttarinnar væri ljóst að gildissvið þeirra yrði allverulega þröngt. Öllum lögmönnum megi vera ljóst að þegar þeir komi fram í störfum sínum þá séu þeir ekki aðeins fulltrúar sín og umbjóðenda sinna, heldur einnig óbeint fulltrúar lögmennastéttarinnar í heild. Hið sama megi segja um fjölmargar aðrar stéttir og þannig þyki störf dómara t.a.m. ekki aðeins endurspegla þá sjálfa heldur einnig dómstóla almennt. Um þetta telji stefndi að almennt sé ekki deilt enda hafi löggjafinn falið stefnda að setja siðareglur fyrir lögmenn og taki ákvæði þeirra meðal annars til atvika sem nauðsynlegt sé að virt séu, ef lögmenn og störf þeirra í þágu réttarkerfisins eiga að vera tekin alvarlega og njóta virðingar í samfélaginu.

Stefndi hafni því að með úrskurði nefndarinnar hafi verið vegið að tjáningarfrelsi eða neikvæðu félagafrelsi stefnanda. Vissulega hafi lögmenn rétt til

Þess að gagnrýna dómstóla og störf dómara en sú gagnrýni, líkt og önnur störf lögmanna, þurfi að vera sett fram með þeim hætti sem gæti að heiðri lögmanna stéttarinnar. Stefnanda hafi vel verið fært að gera athugasemdir við afgreiðslu erindis síns, hvort heldur sem hann kysi að gera það í tölvuskeyti til dómstjórans eða á opinberum vettvangi, án þess að sýna þann fádæma dónaskap sem raunin hafi orðið. Ekki hafi verið vegið að neikvæðu félagafrelsi stefnanda með þeirri aðgerð stefnda að beina kvörtun undan honum til úrskurðarnefndarinnar eða að félagið hafi með því farið út fyrir skyldubundið hlutverk sitt. Félaginu sé falið það hlutverk að koma fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum, að setja siðareglur fyrir lögmenn og hafa eftirlit með framfylgni þeirra reglna. Þegar einstaka lögmaður stefni heiðri lögmennastéttarinnar í hættu með framkomu sinni gagnvart dómstólum standi það félaginu og hlutverki þess afar nærri að láta til sín taka og gæta að því að siðareglum lögmanna sé framfylgt, og þá ekki síst þegar undan slíkri framkomu sé sérstaklega kvartað til stjórnar stefnda.

Samkvæmt öllu framangreindu beri því að hafna kröfu stefnanda um að ógiltur verði með dómi úrskurður úrskurðarnefndar lögmanna sem kveðinn hafi verið upp hinn 26. maí 2017 í málinu nr. 14/2017, en um lagarök vísi stefndi til laga nr. 77/1998, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sem og til óskráðra reglna stjórnarsýsluréttarins.

Niðurstaða.

Í málinu krefst stefnandi ógildingar á framangreindum úrskurði úrskurðarnefndar lögmanna gagnvart honum, dags. 26. maí 2017, þar sem niðurstaðan varð sú að stefnandi var látinn sæta áminningu vegna framgöngu sinnar sem lögmaður í samskiptum við þáverandi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, sbr. 27. gr. laga nr. 77/1998 og með síðari breytingum, eins og nánar er lýst hér að framansögðu.

Byggir stefnandi dómkröfu sína um ógildingu, sbr. 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, einkum á því að stefndi, Lögmannafélag Íslands (LMFÍ), hafi með réttu ekki átt að geta haft stöðu sem kærandi í málinu á stjórnarsýslustigi fyrir úrskurðarnefnd lögmanna vegna skorts á lögvörðum hagsmunum og vegna þess að lög um nefndina leyfi ekki slíka aðild félagsins í máli af þessu tagi. Í annan stað byggir stefnandi svo ógildingarkröfu á því að úrskurðarnefndin hafi verið vanhæf í málinu þar sem stefndi, LMFÍ, sem hafi aðkomu að tilnefningu í nefndina og standi straum af kostnaði við rekstur hennar, hafi verið málsaðili. Í þriðja lagi byggir stefnandi síðan á því að hann hafi í umrætt skipti ekki gerst brotlegur við nein ákvæði í siðareglum lögmanna eða almennt í lögum og reglum sem gildi um störf lögmanna þar sem hann hafi aðeins sinnt nauðsynlegri hagsmunagæslu fyrir

skjólstæðing sinn, en slík skerðing á úrræðum til þess feli auk þess í sér skerðingu á tjáningarfrelsi hans sem lögmanns.

Hvað varðar fyrst þá málsástæðu stefnanda fyrir ógildingu, sem snýr að aðild stefnda, LMFÍ, sem kæranda í úrskurðarmáli því sem leiddi til áminningar stefnanda í úrskurðinum, dags. 26. maí 2017, þá er ágreiningur um það í málinu hvort stefndi geti samkvæmt lögum um lögmann og siðareglum lögmannna átt aðild að slíku kærumáli sem varðar samskipti lögmanns við dómara, sem og hvort stefndi geti þá mögulega átt lögvarða hagsmuni í slíku máli þar sem háttsemi stefnanda hafi beinst að dómara.

Í 1. málslið 1. mgr. 27 gr. laga nr. 77/1998 um lögmann segir um mögulega aðild:

„Nú telur einhver að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 5. gr. og getur hann þá lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmannna kvörtun á hendur lögmanninum.“

Reglur sem hér er vísað til í 2. mgr. 5. gr. laganna eru siðareglur þær sem LMFÍ setur fyrir lögmann (*Codex Ethicus*) og eru frá 24. júní 1960 með síðari breytingum.

Sé tekið mið af orðalagi framangreinds ákvæðis í 1. mgr. 27 gr. laga nr. 77/1998 þá er það nú fremur opið um það hverjir geti mögulega talist aðilar sem kærundur í kærumálum til úrskurðarnefndarinnar, sem starfar samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laganna, en þó er við það miðað að gert hafi verið á hlut þess er beinir kvörtun til nefndarinnar. Sé litið til nefndarálits frá allsherjarnefnd Alþingis er lá fyrir í tengslum við setningu laganna þá kemur þar fram að fyrirætlun hafi verið sú að víkka kærueimild út þannig að um greiða kæruleið verði að ræða fyrir aðra en einungis umbjóðendur lögmannna.

Þá liggur fyrir að úrskurðarnefndin hefur sjálf sett sér frekari málsmeðferðarreglur sem eru frá árinu 1999 með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 13. gr. samþykktu fyrir LMFÍ frá 1944 með síðari breytingum, sbr. og 2. málslið, 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1998. Er í 3. gr. málsmeðferðarreglnanna gert ráð fyrir því að hlutverk úrskurðarnefndarinnar sé meðal annars „að fjalla um kvörtun á hendur lögmanni frá aðila vegna háttsemi, sem kann að stríða gegn lögum eða siðareglum LMFÍ“ og „að fjalla um erindi sem stjórn LMFÍ sendir nefndinni skv. 3. mgr. 43. gr. siðareglna lögmannna“.

Að mati dómsins verður því ekki séð að framangreind lög og reglur fyrirbyggji mögulega aðild stefnda LMFÍ að kærumálum gagnvart einstökum lögmonnum eins og hér um ræðir samkvæmt 1. mgr. 27 gr. laga nr. 77/1998, að því gefnu að félagið geti þá með réttu fært rök fyrir úrskurðarnefndinni fyrir því að gert hafi verið á þess hlut.

Ber þá að taka fram að ekki er unnt að draga hér of viðtækar ályktanir í ljósi þess að ekki er nú fjallað sérstaklega um mögulegt umfang og inntak þessara heimilda LMFÍ til aðildar að kærumálum fyrir úrskurðarnefndinni í 27. gr. laga nr. 77/1998 og þess að komið hafa fram tillögur og hugmyndir um það að skerpa þurfi frekar á þeim heimildum sérstaklega, en hefur þó til þessa ekki náð fram að ganga, sbr. þær tillögur stjórnar stefnda LMFÍ til breytinga á 27. gr. frá 16. júlí 2015, er liggja fyrir í málinu.

Hvað varðar síðan skilyrði um að sýna þurfi fram á mögulega lögvarða hagsmuni LMFÍ, og þá með tilliti til lögbundins hlutverks þess, þá liggur óumdeilt fyrir í málinu að heimildir stjórnar stefnda LMFÍ til þess að hafa frumkvæði að slíkum kærumálum fyrir úrskurðarnefndinni gagnvart einstökum lögmonnum eru, eins og nú er ástatt um, í öllu falli takmarkaðar við þau tilvik þegar brot lögmanns gegn framangreindum lögum nr. 77/1998, eða þá siðareglunum lögmannna, telst ótvírætt beinast gegn hagsmunum lögmannna almennt sem stéttar eða þá hagsmunum félagsins sem slíks.

Eins og vísað er til af hálfu stefnda, þá gera gildandi samþykktir fyrir LMFÍ, sem settar hafa verið á grundvelli 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/1998, ótvírætt ráð fyrir því að tilgangur félagsins sé meðal annars sá að sinna lögboðnu eftirlits- og agavaldi og gæta hagsmuna lögmannastéttarinnar, sbr. 2. gr. gildandi samþykktar, en stjórn félagsins sé meðal annars falið það hlutverk að gæta þess að fylgt sé góðum lögmannsháttum, sbr. 11. gr. þeirra. Þá gerir 5. gr. laga nr. 77/1998 ráð fyrir því að LMFÍ komi fram fyrir hönd lögmannna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum og setji lögmonnum siðareglur, en í 1. mgr. 43. gr. siðareglna er síðan gert ráð fyrir því að stjórn LMFÍ hafi eftirlit með því að siðareglunum sé fylgt í samráði við dómstóla og stjórnardeildir.

Að mati dómsins verður að fallast á með stefnda, að líta verði til framangreinds tilgangs og hlutverks við mat á því hvort stefndi geti hér almennt átt lögvarða hagsmuni, en einnig verður þá síðan að líta hverju sinni til þeirra efnislegu verndarhagsmuna sem undir eru í viðkomandi tilviki, í þessu tilviki ætluð brot stefnanda gegn 1. mgr. 19. gr., sbr. 2. gr. í siðareglum fyrir lögmennt, er virðast út frá verndarhagsmunum allt eins geta varðað lögmannastéttina í heild, eins og ákvæðin eru fram sett.

Í máli því sem hér um ræðir byggir stefndi enn fremur á því að þau brot stefnanda gegn siðareglum lögmannna sem kvartað hafi verið yfir, sem og þau brot á siðareglum sem úrskurðarnefndin hafi síðan komist að niðurstöðu um að stefnandi hefði sannarlega haft í frammi í þeim samskiptum við þáverandi dómstjóra í Héraðsdómi Reykjavíkur og sem áður er hér lýst, varði hagsmuni lögmannastéttarinnar í heild, en ekki einungis hagsmuni þess dómstjóra sem

beinlínis hafi hér verið misgert við.

Verður að mati dómsins fallist á það með stefnda að þær röksemdir um mikilvægi tilhlýðilegrar háttvísi í samskiptum lögmanna við dómstóla sem endurspeglar einkum í ákvæðum III. kafla í siðareglum fyrir lögmenn, sbr. þá einkum 19. gr. þeirra, feli í sér heildarhagsmuni lögmennastéttarinnar og að úrskurður sá sem stefnandi krefjist hér ógildingar á varði því háttsemi sem geti talist vera í andstöðu við þá hagsmuni sem stefnda beri að gæta og vinna að, sbr. og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 77/1998, og að stefndi teljist því hafa getað haft beina og nægilega sérgreinda lögvarða hagsmuni af kvörtun til úrskurðarnefndar lögmanna og til þess að geta átt aðild að því máli fyrir nefndinni.

Að framangreindu virtu er það því mat dómsins að stefnandi hafi hér ekki sýnt fram á að gild rök standi til þess að ógilda beri úrskurð úrskurðarnefndar lögmanna gagnvart honum, dags. 26. maí 2017, byggt á því að stefndi hafi ekki getað átt aðild að umræddu kærumáli með hliðsjón af framangreindum lögum og reglum sem um það gilda, sbr. einkum ákvæði 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 77/1998, sbr. 2. og 11. gr. samþykktar fyrir LMFÍ, sem og 1. mgr. 43. gr. siðareglna lögmanna og 3. gr. málsmeðferðarreglna úrskurðarnefndarinnar, sem virt í heild sinni virðast styðja þá framkvæmd og skýringu á lögum að slík aðild stefnda fái hér við svo búið staðist.

Skal þá því næst vikið að þeirri málsástæðu stefnanda að ógilda beri úrskurðinn frá 26. maí 2017 á þeim grundvelli að fulltrúar í úrskurðarnefnd lögmanna hafi verið vanhæfir til þess að fjalla um málið. Byggir stefnandi þá einkum á því að þetta leiði af því að úrskurðarnefndin sé alfarið rekin á kostnað stefnda og stefndi skipi auk þess einn af þremur nefndarmönnum, sbr. 3. og 4. mgr. 3. gr. laga nr. 77/1998. Vísar stefnandi til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1998, sbr. og II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 með síðari breytingum, um sérstakt hæfi nefndarmanna í slíkri stjórnsýslunefnd, sbr. einkum 5. og 6. tölulið 1. mgr. 3. gr. um vanhæfisástæður, þegar viðkomandi nefndarmaður telst sjálfur eiga sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn máls eða ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Þá vísar stefnandi til þess að nefndarmenn í málinu, sem allir þrír hafi verið lögmenn, eigi þá í öllu falli slíka hagsmuni af niðurstöðu í máli sem félagið hefur frumkvæði að þar sem málfénið varði hagsmuni stéttarinnar í heild.

Að mati dómsins verður hins vegar að fallast á það með stefnda að framangreind lögbundin skipun úrskurðarnefndarinnar og fjármögnun hennar samkvæmt 3. og 4. mgr. 3. gr. laga nr. 77/1998 geti ekki eitt og sér talist leiða sjálfkrafa til þess háttar vanhæfis nefndarmanna í málum þar sem LMFÍ á sjálfri aðild að kærumáli, þó svo að félagið standi vissulega straum af kostnaði við rekstur

nefndarinnar og skipi í hana einn fulltrúa, eins og lög bjóða. Er og ljóst að viðlíka háttur við skipun og fjármögnun sjálfstæðra stjórnarsýslunefnda hefur t.d. ekki verið talinn valda vanhæfi í málum þegar hið opinbera á í hlut, sbr. almennt um úrskurðarnefndir á vegum ríkisins. Þá er ekki heldur tækt að fallast á það að ætlað vanhæfi nefndarmanna í úrskurðanefndinni geti grundvallast á því að þeir hljóti að hafa átt svo einstaka hagsmuni af úrlausn umrædds máls, þó svo að það hafi snúið almennt að heildarhagsmunum lögmannastéttarinnar.

Að framangreindu virtu er því ekki unnt að fallast á það að stefnandi hafi hér sýnt fram á það að fallast beri á kröfu hans um ógildingu úrskurðarins frá 26. maí 2017 á þeim grundvelli að einhverjir nefndarmannanna hafi sannarlega verið vanhæfir við meðferð umrædds stjórnarsýslumáls, sbr. ákvæði í II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Að lokum ber þá að víkja í einu lagi að þeim málsástæðum stefnanda að hann hafi þó í öllu falli með umræddri framgöngu sinni ekki gerst brotlegur við nein ákvæði í siðareglum lögmannna eða í lögum og reglum er gildi um störf lögmannna, þar sem hann hafi í umrætt sinn aðeins haft í frammi gagnrýni í tengslum við hagsmunagæslu fyrir skjólstæðing sinn, sem fullt tilefni hafi hér verið til. Skerðing á úrræðum lögmanns til þess með slíkum viðurlögum sem umrædd áminning í skjóli skyldubundinnar aðildar að Lögmannafélagi Íslands sé feli auk þess í sér skerðingu á tjáningarfrelsi stefnanda sem lögmanns til þess að gagnrýna störf dómara og gæta hagsmuna umbjóðenda. Telur stefnandi að með umræddri kæru er leiddi til áminningar úrskurðarnefndarinnar hafi stefndi farið út fyrir skyldubundið hlutverk sitt, sbr. 5. og 13. gr. laga nr. 77/1998, en stefnandi hafi hér auk þess ekki farið á svig við 19. gr. siðareglna fyrir lögmennt, eins og úrskurðarnefndin hafi komist að í úrskurði sínum frá 26. maí 2017.

Er það mat dómsins að við efnislega endurskoðun á umræddum úrskurði frá 26. maí 2017, þá verði að líta svo á að þar sé fyrst og fremst um að ræða matskennda ákvörðun þar til bærrar sjálfstæðrar úrskurðarnefndar um það hvernig bæri að heimfæra framgöngu stefnanda með hliðsjón af túlkun ákvæða í 2., 19., og 22. gr. siðareglna fyrir lögmennt. Var mat nefndarinnar að hún taldi stefnanda með framgöngu sinni a.m.k. hafa farið á svig við 19. gr. siðareglanna þannig að leiddi til áminningar hans að mati nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 77/1998. Að mati dómsins verður að telja þetta forsvaranlega niðurstöðu af hálfu úrskurðarnefndarinnar með hliðsjón af efni umræddra siðareglna og þeim gögnum sem liggja fyrir um samskipti stefnanda sem lögmanns við þáverandi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, auk þess sem ekki er deilt á það mat nefndarinnar að framgangin hafi varðað stéttina sem heild.

Verður þannig að telja ótvírætt að ýmis framangreind ummæli þau sem stefnandi viðhafði óumdeilt í þessum samskiptum sínum við dómstjórnann hafi verið alls kostar óviðeigandi og óþörf í því skyni að vinna sem best að hagsmunum umbjóðenda hans. Voru ummælin auk þess sett þannig fram að það getur ekki með nokkru móti falið í sér skerðingu á eðlilegu tjáningarfrelsi stefnanda eða þá misbeitingu á neikvæðu félagafrelsi gagnvart honum sem lögmanni að þannig hafi verið við þeim brugðist sem gert var hér af hálfu stefnda og úrskurðarnefndarinnar við meðferð stjórnslumálsins. Ekki verður heldur séð að hald sé í þeim röksemdum af hálfu stefnanda að gætt hafi verið viss meðalhófs með því að birta ekki opinberlega ummælin í garð dómstjórnans enda er það alls ekki inntak málefnalegrar gagnrýni stefnanda á störf dómstjórnans sem tekist var á um og sem aðilum ber ekki allskostar saman um heldur einungis óverjandi framsetning og orðaval stefnanda í garð dómstjórnans, sbr. hér framangreinda lýsingu á málsatvikum. Er því fallist á það með stefnda að ekki hafi hér heldur verið sýnt fram á af hálfu stefnanda að stefndi eða úrskurðarnefndin hafi með einhverjum hætti farið út fyrir lögbundin hlutverk sín í þeirri málsmeðferð eða þá við það mat sem viðhaft var í framangreindu stjórnslumáli, sbr. úrskurðurinn frá 26. maí 2017 í máli nr. 14/2017.

Að öllu framangreindu virtu er það því mat dómsins að stefnandi hafi í máli þessu ekki fært fram neinar þær málsástæður eða lagarök sem leiða eigi til ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndarnefndar lögmanna í máli nr. 14/2017, er kveðinn var upp 26. maí 2017, og með hliðsjón af því ber að sýkna stefnda af þeirri dómkröfu stefnanda.

Eins og mál þetta er vaxið þykir þó rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Málið flutti Björgvin Þorsteinsson lögmaður fyrir stefnanda en Óttar Pálsson lögmaður fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Lögmannafélag Íslands, er sýknaður af kröfu stefnanda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminn kveður upp Pétur Dam Leifsson héraðsdómari.